

# Félagsslög Vorboða, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ

1 gr. Kórinn heitir Vorboðar kór eldri borgara. Heimili kórsins er í Mosfellsbæ.

2 gr. Tilgangur kórsins er að æfa söng og að efla menningar- og félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ, þeim til gleði og ánægju. Félagar í kórnum geta allir orðið sem þess óska og söngstjóri telur að til þess séu hæfir.

3. gr. Reikningsár kórsins skal vera frá 1. júlí til 30. júní næsta ár.

4. gr. Aðalfund skal halda að hausti á fyrstu æfingu starfsársins og er dagskrá aðalfundar sem hér segir.

- a) Formaður setur fundinn og gerir tillögu að fundarstjóra og fundarritara.
- b) Formaður flytur skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum liðins starfsárs, árituðuma af kjörnum skoðunnarmönnum kórsins.
- c) Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga.
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 5. Grein.
- f) Kosnir tveir skoðunnarmenn ársreikninga og einn til vara til eins árs.
- g) Félagsgjald ákveðið fyrir næsta starfsár.
- h) Önnur mál.
- i) Fundi slitið.

Allir félagar og kórstjóri hafa kosningarétt og njóta málfrelsis tillöguréttar á fundum kórsins.

5. gr. Stjórn kórsins skipa formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og varagjaldkeri.

Formaður skal kosin til eins árs í senn, og síðan tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn.

Á fyrsta fundi skal einnig kjósa tvo stjórnarmenn til eins árs. Stjórn kórsins skiptir með sér verkum og skipar í nefndir.

6. gr. Stjórn kórsins er ákvörðunahæf þegar meirihluti stjórnar er mættur á stjórnarfund.

Stjórnin fer með málefni kórsins milli aðalfunda, ræður kórstjóra og semur við hann um starfskjör.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir eða stjórnarmenn óska þess.

Stjórn og kórstjóri ákveða verkefni starfsársins.

7. gr. Söguritari skal starfa með kórnum og safna sögulegum gögnum. Hver rödd skal

kjósa sér raddformann. Ef kórinn hættir störfum skal kosin sérstök skilanefnd sem

ráðstafar eignum kórsins.

Lög þessi öðlast gildi 15. september 2014.